

Borgarbyggð
b/t Sigurður Friðgeir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 4. júní 2019
UST201905-280/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Hótel Bifrost - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á deiliskipulagi fyrir Bifrost í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagsbreytingin nær til tveggja svæða innan háskólaþorpsins á Bifrost. Á svæði 1 gerir tillagan m.a. ráð fyrir sameiningu lóða og byggingar tengibyggingu og á svæði 2 gerir tillagan ráð fyrir nýrri aðkomu í framhaldi af Viðihrauni, norðvestur af leiksskóla.

Hraun og birki

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýrri aðkomu í framhaldi af Viðihrauni.

Umhverfisstofnun telur að nýi vegurinn liggi í gegnum hraun sem fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og birkirkjarr sem fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 segir á bls. 57 í greinargerð: „Óheimilt er að raska landformi og yfirborðsgróðri á samfelldum svæðum eldhrauna.“

Auk þess segir á bls. 58: „Eldvörp og eldhraun eru órjúfanleg heild. Mikilvægt er að varðveita tengingu þessara tveggja jarðmyndanna, þannig að jaðarsvæði eldhrauns sem liggur að eldvarpinu verði ekki fyrir jarðvegsröskun. Aðra jaðra eldhrauna ber einnig að varðveita eins og kostur er. Óheimilt er með öllu að ryðja eldhraun án þess að fyrir liggi deiliskipulag að viðkomandi framkvæmd. Ruðningi eldhrauns skal haldið í lágmarki eins og kostur er við framkvæmd og skipulag svæða.“

Umhverfisstofnun bendir á að gildandi aðalskipulagi var unnið eftir 37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999) sem hafa verið felld úr gildi, en þar sem segir að forðast skal röskun jarðmyndanna eins og kostur er.

Í 61. gr. núgildandi laga um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkni. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuminni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í deiliskipulagbreytingunni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur